



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 9. fundur stjórnar KLÍ, 2013-2014

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Þriðjudagur 30.01.2014 kl. 17:45

Þátttakendur: Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM)
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður
Jón Grímsson (JG)
Höskuldur Höskuldsson (HH)
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður

Boðuð forföll: Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður

Fjarverandi:

Fundarritari: HRS

Helstu mál: Fundargerð síðasta fundar, Erindi frá Ásgrími H. Einarssyni, ECC 2014, Afreksstefna KLÍ, önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Engar athugasemdir hafa verið gerðar við síðustu fundargerð og er hún samþykkt.

2. Árshátíð og breyting á dagskrá:

ÞMP fór yfir ástæður þess að flytja þarf árshátíð KLÍ fram um einn dag þar sem veislusalurinn var ekki á lausu eins og talið var þegar dagskrá var gerð. Þetta gerir það að verkum að þau mót sem fram áttu að fara laugardaginn 17. maí færast til 14. og 15. maí og árshátíðin verður 16. maí. ÞMP var búinn að senda fyrirspurn á félögin og óskaði eftir samþykki á þessum breytingum og kom samþykki frá þremur félögum ásamt ábendingu frá einu um að óheppilegt sé að hafa félagakeppni KLÍ strax eftir úrslit í deildinni. Breyting á dagskrá var samþykkt og mun breytingin verða kynnt á heimasíðu KLÍ.

3. Ársþing KLÍ:

Ákveðið var að Ársþing KLÍ 2014 verði haldið 27. maí og mun framkvæmd þess vera í höndum Keilufélags Reykjavíkur. Ákveðið að formannafundur verði haldinn 19. maí. og mun ÞMP sjá um að kynna félögum þessar ákvarðanir.

4. Afreksmál:

Farið var yfir stöðu mála á afrekshópum og fram kom hjá ÞMP að búið væri að setja saman afrekshóp unglunga og afrekshóp kvenna og unnið er að samsetningu afrekshóps karla. Byrjað er að undirbúa næstu mót fyrir þessa hópa. Fram kom að fyrsta verkefni afrekshóps kvenna væri mót í Milánó á Ítalíu í júní og er það þáttur í undirbúningi fyrir þátttöku landsliðs kvenna á Evrópumóti árið 2016.

4. Önnur mál:

Ólíuburður og mæling á honum:

LHM spurðist fyrir um mælingar á olíuburði og svaraði HRS því til að olíuburður verði mældur í Egilshöll og Öskjuhlíð næstu helgi og í framhaldinu verði gerðar mælingar á öðrum stöðum.

Lyfjamál:

LHM spurði hvers vegna ekki væri búið að uppfæra sætaröð í Íslandsmóti einstaklingar 2013 eftir að sá sem var í öðru sæti var dæmdur fyrir lyfjamisnotkun. Nokkur umræða var um málið

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

og kom í ljós við skoðun að skv. reglum þá skal svipta umræddum aðila sæti sínum í mótinu og færast þá aðrir upp um sæti. ÞMP mun ganga frá þessu.

Fréttir:

LHM spyr hvort ekki sé hægt að standa betur að fréttaflutningi úr mótum, en brögð eru af því að fréttir af úrslitum berast seint inná heimasíðu KLÍ. Það kom fram að fréttaflutningur hefur batnað mikið í vetur og notkun samskiptamiðla er sterkur þáttur í því, en þar sem það hafa ekki allir aðgang að þeim síðum þá er óskað eftir því að bæta fréttaflutning á heimasíðu KLÍ. Samþykkt var að skerpa á þessu í framtíðinni.

Keppnisfyrirkomulag:

LHM spurði um hver staðan væri í að skipa nefnd til að fara yfir mögulegar breytingar á keppnisfyrirkomulagi í deildarkeppni liða, en eins og fram kom í síðustu fundargerð óskaði Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) eftir því að skoðaðir yrðu hvaða mögulegar leiðir væru til þess að breyta því fyrirkomulagi og bauðst hann til þess að stýra þeim hópi. ÞMP sagði að búið væri svara ÁHE en ekki væri búið að skipa fólk í nefndina.

Íslandsmót einstaklinga:

Spurning kom fram af hverju keppt yrði á tveimur olíuburðum í Íslandsmóti einstaklinga 2014 í ljósi þess að nú hafi EBT ákveðið að framvegis yrði ekki spilað á tveimur olíuburðum í Evrópumótum. ÞMP sagði að hann hafi sent Tækninefnd KLÍ fyrirspurn um málið og svar hennar er að breyting EBT var gerð um síðustu áramót, en tillaga um olíuburð var gerð og samþykkt í haust og telur Tækninefnd ekki ástæðu til að breyta þessu fyrir þetta mót.

Fundargerðir:

HRS óskaði eftir því að fundargerðir KLÍ yrðu settar á heimasíðu KLÍ, og mun ÞMP fara í það mál.

Önnur mót:

HH spurði hvort það væri eðlilegt að fyrirhugað mót „tveggja handa keilara“ væri auglýst sem Íslandsmót þar sem það væri ekki á vegum KLÍ. Samþykkt var að ÞMP færi fram á það við mótshaldara að þeir breyttu nafni mótsins.

Fundi slitið 19:10 – til næsta fundar verður boðað síðar.